



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 13. október 2023
2310021 JFK

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga árin 2024-2028 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, 182. mál.

Jafnréttisstofa þakkar fyrir tækifærið til að koma að umsögn um ofangreint mál. Í þingsályktuninni kemur fram að fyrirhugað sé að koma á fót mælaborði um jafnrétti.

Jafnréttisstofa fagnar þessu og telur að mælaborð, líkt og lagt er til að komið verði á fót, muni nýtast vel þegar kemur að leiða fram helstu breytur á sviði kynjajafnréttis. Oft hefur verið rætt um kynjahlutföll í sveitastjórnnum og helstu nefndum og ráðum á vegum sveitarfélaga og er mælaborð vel til þess fallið að draga þessar upplýsingar saman á myndrænan hátt.

Jafnréttisstofa fagnar ofangreindri tillögu til þingsályktunar og hvetur til þess að hún verði samþykkt.



Jón Fannar Kolbeinsson
lögfræðingur